

LOFTRÆSIKERFI Í STJÓRNSÝSLUHÚSI - LOFTRÆSI OG KÆLIKERFI FUNDARGERÐ 9. VERKFUNDAR

| | | | |
|-------------------|--------------------------|-------------------|------------|
| VERKNÚMÉR: | 15036 | DAGS.: | 2020-11-25 |
| VERKHLUTI: | 001 | NR.: | 9 |
| FUNDARSTAÐUR: | Skrifstofa eftirlits | | |
| FUNDARMENN: | FYRIRTÆKI / STAÐA: | NETFANG: | SÍMI: |
| Arnpór Jónsson | Verkís / eftirlit | aj@verkis.is | 8977370 |
| Marinó Hákonarson | Ísblikk / verktaki | isblikk@simnet.is | 8646550 |
| Guðni Ó Guðnason | Hússtjórn/Stjórnsýsluhús | gudnig@vis.is | |
| Hallgrímur Magnús | Hússtjórn/Stjórnsýsluhús | | |

ÖHU moli fundarins

DAGSKRÁ

1. Síðasta fundargerð:

Samþykkt og undirrituð

2. Verkstaða:

Tvær samstæður eru uppsettar og frágengnar og komnar í rekstur, þriðja samstæðan er nánast frágengin og fer í rekstur í vikunni. Lagnavinna í kjallara er nánast búin. Kjarnaborun fyrir lögnum er enn ekki hafin. Verkið er farið að tefjast vegna þess. Kjarnaborun mun hefjast í næstu viku. Búið er að tengja útkaststokk í kjallara.

3. Mannafli og tæki:

1-3 blikkarar

4. Breytingar gagna:

Engar

5. Nýjar kröfur verktaka:

Engar.

6. Eldri óafgreidd mál:

Tenging lofthitara hefur ekki ratað inn í magnskrá. Verktaki leggur fram verð vegna þessa verkþáttar. Þ.e. kostnaðinn við lokana og tengingu þeirra. Verktaki leggur fram verð á flæðilokum 135 þúsun pr. stk.



7. Mælingar:

Engar

8. Úttektir:

Eftirlit hefur fylgst með framvindu verksins.

9. Greiðslur og uppgjör:

4. verkstöðureikningur var lagður fram í þessari viku. Verkið er samkvæmt honum komið í 45 % af kostnaðaráætlun. Greiddur verður hluti efnisliðar kælirafta. Magnaukning í stofnstokkum. Stæður greiddar að fullu.

10. Öryggismál:

Starfsmenn skulu búnir almennum öryggishlífum, öryggisskóm, augnhlífum, heyrnarskjólum og öðrum öryggisbúnaði eftir því sem við á. Starfsmenn skulu vera búnir sýnileikafatnaði svo ljóst sé hverjir eru við vinnu í húsinu.

11. Önnur mál:

Verktaki leggur fram verkáætlun fyrir framhald verksins, samkvæmt henni lýkur verkinu í 11. viku 2021. Hússtjórnin gerir ekki athugasemdir við framlagða áætlun en áréttar að gæði verksins séu henni hugleikin. Eftirlit ræðir við hönnuð loftræsikerfis um hvort kostur sé að færa kælirafta úr rýmum þar sem minnst sólarálag er og setja upp í Íslandsbanka. Nokkuð lofthljóð er í innblæstri í alrými, ástæða þess er plata sem komið hefur verið fyrir inn í ristinni. Eftirlit nefnir aðstarfsfólk í húsinu hefur kvartað undan kulda á skrifstofum. Verktaki skoðar hvort hækka megi hitann á innblásturslofti.

Fundi slitið kl. 12:00.

Næsti fundur ákveðinn þann 2020-12-09, Fundarsalur 4.hæð , kl. 11:00.

Ritað/AJ

Nafn

Dags. 2020-11-25

F.h. verktaka

F.h. verkkaupa